9. gr.
*Réttaráhrif málskots.*

Ákvörðun fjármálaráðuneytis eða rétthafa um að skjóta útreikningi Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins til úrskurðarnefndar skal berast nefndinni innan sex vikna frá tilkynningu Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins um útreikninginn. Málskot frestar ekki útborgun eftirlauna. Úrskurðarnefnd skal kveða upp úrskurð eins fljótt og verða má.

Feli niðurstaða úrskurðarnefndar í sér breytingu til hækkunar á útreikningi eftirlauna gildir hún frá þeim tíma sem réttur til eftirlauna stofnaðist. Leiði breytingin til lægri útreiknings gildir hann frá því að tilkynning um niðurstöðu nefndarinnar berst rétthafa.

10. gr.
*Kostnaður.*

Fjármálaráðuneytið ber kostnað af framkvæmd laga nr. 141/2003 og gerir samning við Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins um uppgjör á kostnaði sjóðsins af framkvæmd laganna.

11. gr.
*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 141/2003, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytinu, 7. júní 2004.*

F. h. r.
**Baldur Guðlaugsson.**

*Maríanna Jónasdóttir.*

Nr. 497 4. júní 2004

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 308/1994, um útibú og umboðsskrifstofu lánastofnunar með staðfestu í öðru ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins.**

1. gr.

Orðin: „auk þess að vera mæltur á íslenska tungu“, falla brott úr 2. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 35. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytinu, 4. júní 2004.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Benedikt Árnason.*